

Almenni lífeyrissjóðurinn

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2017

Febrúar 2018



TALNAKÖNNUN HF.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Niðurstaða úttektar	5
Forsendur úttektar	8
Niðurstaða miðað við aðrar forsendur	9
Eignir, rekstur og endurmat.....	9
Niðurlag.....	10
Söguleg þróun á stöðu sjóðsins	11
Viðauki TAFLA 1.....	13
Viðauki TAFLA 2.....	14

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins athugað tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2017. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athugininni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Vigfús er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hélendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Auk Vigfúsar kom Arnór Ingi Finnbjörnsson að verkinu.

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin úr Kríukerfi FUGLA ehf. og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2017. Gögnin bárust á minnislykli.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2017.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2017.
3. Lífeyrisþegar í desember 2017.

Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaður nema með samanburði við tryggingafræðileg gögn fyrri ára og tölur úr ársreikningi og var ágætis samræmi þar á milli.

Niðurstaða úttektar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga til sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða sem miðast við árslok 2016. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í árslok hvors árs. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 4.319 milljónir. Það er betri staða en í árslok 2016 en þá var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 5.196 milljónir. Áfallin staða er neikvæð um 2.102 milljónir en hún var neikvæð um 3.285 milljónir í árslok 2016. Áfallin staða sjóðsins hefur því styrkst um 1.182 milljónir sem eru 1,2% af áfallinni lífeyrisskuldbindingu í árslok 2017.

Heildarstaða	2017	2016
Endurmetin eign	95.370.007	86.230.650
Framtíðariðgjöld	71.365.798	63.727.349
Kostnaður	-6.326.149	-5.770.988
Heildareign	160.409.657	144.187.011
Lífeyrisskuldbindingar	164.729.009	149.382.903
Eignir umfram skuldir	-4.319.352	-5.195.892
Staða	-2,6%	-3,5%

Áfallin staða	2017	2016	Framtíðarstaða	2017	2016
Höfuðstóll	100.040.584	88.305.028	Núvirði framtíðariðgjalda	71.365.798	63.727.349
Viðbót vegna endurmats	-4.670.577	-2.074.378	Rekstrarkostnaður	-3.591.588	-3.109.775
Fjárfestingakostnaður	-327.472	-521.934			
Rekstrarkostnaður	-2.407.088	-2.139.279			
Hrein áfallin eign	92.635.447	83.569.437	Hrein framtíðareign	67.774.210	60.617.574
Áfallnar			Framtíðar-		
lífeyrisskuldbindingar	94.737.741	86.854.190	lífeyrisskuldbindingar	69.991.268	62.528.713
Eignir umfram skuldir	-2.102.294	-3.284.753	Eignir umfram skuldir	-2.217.058	-1.911.139
Staða	-2,2%	-3,8%	Staða	-3,2%	-3,1%

Heildarstaða sjóðsins er innan hámarks 10% vikmarka sem lög kveða á um eða -2,6%. Heildarstaða lífeyrissjóða á að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og er sjóðurinn einnig innan þeirra marka. Lög segja ekkert um áfallna stöðu lífeyrissjóða en þar sem innvinnsla réttinda í Almenna lífeyrissjóðnum er aldursháð og framtíðarstaða á

Því að vera í jafnvægi er eðlilegt að miða við að það gildi sömu vikmörk um áfallna stöðu og heildarstöðu. Áfallin staða er einnig innan 5% vikmarkanna eða neikvæð um 2,2%.

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi eru væntingar um að örorkuskuldbindingar sjóðsins lækki. En það á eftir að koma í ljós hversu mikið örorkubyrðin lækkar (sem þýðir lægri örorkulíkur) og mun reynsla næstu ára skera úr um það. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga. Fyrirhugað er að rannsaka örorkutíðni sjóðsins sérstaklega á þessu ári.

Miðað er við lífslíkur samkvæmt reynslu áranna 2010 til 2014 á Íslandi (IS1014L), 50% af stöðluðum örorkulíkum (IS9802Ö) fyrir karla og konur eins og í fyrra.

Heildarlífeyrisskuldbindingar Almenna lífeyrissjóðsins í árslok 2017 var 164.729 milljónir og hækkaði um 15.346 milljónir á árinu. Helstu breytingar ársins eru sýndar hér að neðan.


Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar		
Eignir	2017	2016
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	160.409.657	144.187.011
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	144.187.011	132.296.509
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	16.222.646	11.890.502
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	164.729.009	149.382.903
Skuldbindingar í ársbyrjun	149.382.903	131.893.284
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	15.346.106	17.489.619
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	876.540	-5.599.117

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	2017	2016
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	86.854.190	77.892.501
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	4.545.581	4.462.086
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	5.239.289	4.688.471
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-1.775.036	-1.595.422
Hækkun vegna nýrra lífslíknataflna	0	1.920.243
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	-126.283	-513.689
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	94.737.741	86.854.190

Liðurinn annað innifelur meðal annars áhrif þess að sjóðfélagar hafa ekki lifað á árinu 2017 í samræmi við tryggingafræðilegar forsendur.

Framtíðarstaða	2017	2016	Breyting	
Núvirði iðgjalda	71.365.798	63.727.349	7.638.449	12,0%
Rekstrarkostnaður	-3.591.588	-3.109.775	-481.813	15,5%
Elliskuldbinding	60.434.128	54.012.950	6.421.178	11,9%
Örorkuskuldbinding	8.037.938	7.109.688	928.250	13,1%
Makaskuldbinding	243.705	217.165	26.540	12,2%
Barnaskuldbinding	1.275.497	1.188.910	86.587	7,3%
Núvirði skuldbindinga	69.991.268	62.528.713	7.462.555	11,9%
Staða	-2.217.058	-1.911.139	-305.919	-3,1%

Eftirfarandi mynd sýnir iðgjöld sjóðfélaga eftir aldri árin 2016 og 2017.



Niðurstaða miðað við aðrar forsendur

Fyrri taflan hér að neðan sýnir niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar forsendur. Tryggingafræðilegar forsendur úttektar eru staðlaðar að öllu leyti nema því að það er notað 50% frádrag á örorkulíkur karla og kvenna m.v. staðlaðar örorkulíkur Íslendinga. Sé þessu frádragi sleppt myndi tryggingafræðileg staða sjóðsins versna úr því að vera neikvæð um 2,6% í að vera neikvæð um -10,8%. Munar þar mestu að örorkuskuldbindingin myndi hækka um 11.855 milljónir og vænt framtíðariðgjöld lækka um 2.255 milljónir.

Niðurstaða í árslok 2017	Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur		Forsendur úttektar	Staðlaðar forsendur
ÁFALLIN STAÐA			HEILDARSTAÐA		
Höfuðstóll	100.040.584	100.040.584	Framtíðar iðgjöld	71.365.798	69.110.738
Viðbót vegna endurmats	-4.670.577	-4.670.577	Eign	92.635.447	92.628.025
Fjárfestingarkostnaður	-327.472	-327.472	Framtíðar rekstrarkostnaður	-3.591.588	-3.591.588
Rekstrarkostnaður	-2.407.088	-2.414.510			
Endurmetin eign	92.635.447	92.628.025	Heildareign	160.409.657	158.147.175
Áfallnar skuldbindingar	94.737.741	99.218.730	Heildarskuldbindingar	164.729.009	177.391.077
Eignir umfram skuldbindingu	-2.102.294	-6.590.704	Eignir umfram skuldbindingu	-4.319.352	-19.243.902
Staða	-2,2%	-6,6%	Staða	-2,6%	-10,8%

Eignir, rekstur og endurmat

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Talnakönnun sendi framkvæmdastjóra sjóðsins orðsendingu í tölvupósti um að reglur um endurmat væru óbreyttar frá fyrra ári (sjá skýrslu í fyrra).

Eignir og rekstur miða við ársreikning sem barst frá skrifstofustjóra í tölvupósti 16. febrúar.

Verðbréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það -4.671 milljónir króna eða -4,7% af bókfærðri eign. Rekstrarkostnaður undir liðnum fjárfestingargjöld var 14,0 milljónir og núvirði hans 327,5 milljónir. Nettó endurmat eigna er því -4.998 milljónir króna. Annar rekstrarkostnaður var samtals 255,8 milljónir og núvirði hans 5.999 milljónir sem bætast við heildarskuldbindingu. Af þeirri upphæð leggst 2.407 milljónir á áfallna skuldbindingu sjóðsins.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknuð af Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára.



Gert í Reykjavík 28. febrúar 2018


TALNAKÖNNUN HF.



Vigfús Ásgeirsson

Söguleg þróun á stöðu sjóðsins





Tvær breytingar hafa átt sér stað á áunnum lífeyrisréttindum hjá sjóðnum frá árinu 2010. Í úttektinni í árslok 2010 voru öll áunnin réttindi lækkuð um 5,0% og í árslok 2012 voru öll áunnin réttindi síðan lækkuð um 3,0%. Engar breytingar hafa orðið á réttindainnvinnslunni á þessu tímabili. Í grafinu hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hvora breytingu á áunnum réttindum fyrir sig.

Viðauki TAFLA 1

Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	5.682	249,8	44	77.674	6.055	3.909	819	88.457
Óvirkir	7.976	17,2	43	8.622	556	803	0	9.981
Ellilífeyrisþegar	846	133,1	74	12.065	0	1.939	0	14.004
Örorkulífeyrisþegar	124	53,3	54	642	651	53	0	1.347
Makalífeyrisþegar	10	64,1	54	0	0	103	0	103
Barnalífeyrisþegar	30	23,2	13	0	0	0	43	43
SAMTALS	14.668	114,3	45,2	99.003	7.261	6.807	862	113.934

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	4.036	170,1	40	35.441	5.557	460	456	41.914
Óvirkir	7.137	9,9	41	4.310	558	142	0	5.009
Ellilífeyrisþegar	193	57,3	74	1.355	0	41	0	1.396
Örorkulífeyrisþegar	118	34,5	53	394	511	7	0	911
Makalífeyrisþegar	126	119,2	72	0	0	1.522	0	1.522
Barnalífeyrisþegar	35	20,0	14	0	0	0	43	43
SAMTALS	11.645	67,7	41,6	41.500	6.625	2.171	499	50.795

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	9.718	216,7	43	113.115	11.612	4.369	1.275	130.371
Óvirkir	15.113	13,7	42	12.932	1.114	945	0	14.990
Ellilífeyrisþegar	1.039	119,0	74	13.420	0	1.980	0	15.400
Örorkulífeyrisþegar	242	44,1	53	1.036	1.161	61	0	2.258
Makalífeyrisþegar	136	115,1	70	0	0	1.625	0	1.625
Barnalífeyrisþegar	65	21,5	13	0	0	0	85	85
	26.313	93,7	43,6	140.503	13.887	8.978	1.361	164.729

(þúskr.)

SAMTALS	140.503	13.887	8.978	1.361	164.729
----------------	----------------	---------------	--------------	--------------	----------------

Bókfærð eign	100.041
--------------	---------

Endurmat og kostnaður	-10.997
-----------------------	---------

Núverandi eign	89.044
-----------------------	---------------

Ókomin iðgjöld	KARLAR	46.893
----------------	--------	--------

Ókomin iðgjöld	KONUR	24.473
----------------	-------	--------

Samtals	71.366
---------	---------------

Heildareign	160.410
--------------------	----------------

STAÐA	-2,6%	-4.319
--------------	--------------	---------------

Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	5.682	100,7	44	39.731	2.076	3.712	0	45.520
Óvirkir	7.976	17,2	43	8.622	556	803	0	9.981
Ellilífeyrisþegar	846	133,1	74	12.065	0	1.939	0	14.004
Örorkulífeyrisþegar	124	53,3	54	642	651	53	0	1.347
Makalífeyrisþegar	10	64,1	54	0	0	103	0	103
Barnalífeyrisþegar	30	23,2	13	0	0	0	43	43
SAMTALS	14.668	56,6	45,2	61.060	3.283	6.611	43	70.997

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	4.036	48,9	40	12.950	1.497	413	0	14.860
Óvirkir	7.137	9,9	41	4.310	558	142	0	5.009
Ellilífeyrisþegar	193	57,3	74	1.355	0	41	0	1.396
Örorkulífeyrisþegar	118	34,5	53	394	511	7	0	911
Makalífeyrisþegar	126	119,2	72	0	0	1.522	0	1.522
Barnalífeyrisþegar	35	20,0	14	0	0	0	43	43
SAMTALS	11.645	25,7	41,6	19.009	2.566	2.123	43	23.741

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	9.718	79,2	43	52.681	3.574	4.125	0	60.380
Óvirkir	15.113	13,7	42	12.932	1.114	945	0	14.990
Ellilífeyrisþegar	1.039	119,0	74	13.420	0	1.980	0	15.400
Örorkulífeyrisþegar	242	44,1	53	1.036	1.161	61	0	2.258
Makalífeyrisþegar	136	115,1	70	0	0	1.625	0	1.625
Barnalífeyrisþegar	65	21,5	13	0	0	0	85	85
	26.313	42,9	43,6	80.069	5.849	8.735	85	94.738

(þúskr.)

SAMTALS	80.069	5.849	8.735	85	94.738
----------------	---------------	--------------	--------------	-----------	---------------

Bókfærð eign	100.041
--------------	---------

Endurmat og kostnaður	-7.405
-----------------------	--------

Núverandi eign	92.635
-----------------------	---------------

Ókomin iðgjöld	KARLAR	0
----------------	--------	---

Ókomin iðgjöld	KONUR	0
----------------	-------	---

Samtals	0
---------	----------

Heildareign	92.635
--------------------	---------------

STAÐA	-2,2%	-2.102
--------------	--------------	---------------